

**Umsögn íbúaráðs Laugardals dags. 10. október 20221, um tillögu að skipulagslýsingu að nýju deiliskipulagi Kleppsgarðar.**

Miðlæg miðstöð viðbragðsaðila fyrir höfuðborgarsvæðið er mikilvæg og skiptir staðsetning þá miklu máli. Í skipulagslýsingunni er farið yfir helstu þætti sem muni geta haft áhrif á bæði umhverfið, umferð og skipulagsmál hverfisins. Meðal þess sem íbúaráð hefur áhyggjur af eru áhrifin á umferðarpunga á Sæbraut, væntanlega Sundabraut/brú og trjágróður á umræddu svæði sem mun þurfa víkja fyrir þeim framkvæmdum sem farið verði í verði þetta niðurstaðan. Mikill umferðarpungi, með tilheyrandi hættu og mengun, er nú þegar til staðar fyrir íbúa við Sæbraut, allt frá rótum Vogabyggðar út að Snorrabraut og er mikilvægt að hugað verði að þessum þáttum við þessa framkvæmd. Gróður, hljóðmön og stókkur eru allt lausnir sem má beita sem mótvægisáðgerðum.